



Garðabær 15.mars 2017

Berist til: Gunnars Einarssonar, Bæjarstjóra Garðabæjar &

Guðjóns Erlings Friðrikssonar, Bæjarritara Garðabæjar.

Erindi: FIFA Pro Vottun á Samsung völinn vegna Evrópukeppni meistaraflokka Stjörnunnar

Í erindi þessu óska ég fyrir hönd UMF Stjörnunnar eftir fjárhagsaðstoðar við að fá samþykkt FIFA Pro vottun á Samsung völinn. Þessi vottun er skilyrði fyrir því að kappleikir meistaraflokka UMF Stjörnunnar í Evrópukeppninni megi fara fram á vellinum.

Breytingar hafa verið gerðar á kröfum og vottuninni frá fyrri árum en áður var um að ræða FIFA 2 vottun sem ekki dugir til lengur. Meiri kröfur eru gerðar til valla við FIFA pro vottun meðal annars til magns gúmmís í vellinum, hámarksnotkunar og fleiri þátta. Að sama skapi er aðeins eitt tækifæri á ári til að fá vottunina samþykkt því ef völlurinn fellur er ekki hægt að sækja aftur um vottun fyrr en ári seinna.

Líkt og þið vitið hefur talsverð umræða verið um hver á að greiða fyrir gúmmí í völinn og menn almennt með skiptar skoðanir um hvort sá kostnaður falli undir vallarsamning Garðabæjar og UMF Stjörnunnar og ljóst að þegar samningar eru lausir um áramót þarf að leggjast yfir þennan lið svo engin vafi er þarna á.

Til að UMF Stjarnan geti bókað vottun frá FIFA og verið viss um að völlurinn standist þær kröfur sem settar eru fram er ljóst að það þarf að fylla upp í völinn af gúmmí.

Það er því beiðni mín með þessu erindi að óska eftir fjárhagsaðstoð við kostnað við uppfyllingu á gúmmí fyrir völinn svo hann standist vottun og eins við kostnaðinn af vottuninni sjálfri.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan